



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun skólaársins 2022 – 2023

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	6
1.1	Nám í leikskóla	6
1.2	Framvinda skólaársins	6
1.3	Starfsáætlun	7
2	Innra mat leikskólans 2022-2023	8
2.1	Stjórnun	8
2.2	Uppeldis- og menntastarf	8
2.3	Fagmennska og starfsaðstæður	9
2.4	Innra mat táknmálstúlks	10
2.5	Innra mat kennslustjóra íslenska táknmálsins	11
3	Ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	12
3.1	Innra starfsumhverfi	12
3.2	Vinnustaðarkönnun	13
4	Innra deildarmat	15
4.1	Innra mat Birkistofu	15
4.2	Innra mat Furustofu	16
4.3	Innra mat Víðistofu	18
4.4	Innra mat Reynistofu	19
5	Innra mat sérkennslu	22
5.1	Innra mat – fjöltyngd börn	23
6	Starfsþróunarsamtöl og -fræðsla	24
6.1	Námskeið og fræðsla	24
6.2	Skipulagsdagar	25
6.3	Áætlun skipulagsdaga	25
7	Foreldrasamvinna	27
8	Fylgigögn	28
8.1	Umsögn foreldraráðs	28





Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs (SFS):

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs. Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Leiðarljós leikskólans

Sólborg hefur sérhæft sig í að mæta þörfum barna með heyrnarskerðingu, heyrnarleysi og börnum sem hafa farið í kuðungsígræðslu. Hugmyndafræðin byggir á því að búa börnunum málumhverfi þar sem nám fer fram á íslensku og íslensku táknmáli, auk þess sem þau fá heyrnarþjálfun.

Stefna leikskólans er vera góður og öruggur staður fyrir börnin og starfsfólkið. Við vinnum eftir Aðalnámskrá leikskóla, námskrá leikskólans, starfsáætlun hvers skólaárs og með því tryggjum við öflugt innra starf sem leggur áherslu á leik og skapandi starf barna.

Framtíðarsýn Sólborgar er að vera vinnustaður með aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk. Markmið Sólborgar er að hafa ætíð á að skipa hæfasta starfsfólki sem völ er á til að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Öllu starfsfólki Sólborgar á að líða vel í starfi sínu með börnum og samstarfsfólki.



1 Greinargerð leikskólastjóra

1.1 Nám í leikskóla

Leikskólakennarar eru framarlega í að leiða áfram nám í gegnum leik. Leikskólakennarar, ásamt fræðimönnum menntavísindasviðs Háskóla Íslands, hafa verið ötulir að tala um gagn og gildi leiksins. T.a.m. eru dæmi þess að stjórnendur grunnskóla hafi sett leikinn inn í stundarskrá barnanna, byggt á þeirri viðleitni að hampa leiknum sem námsleið. Stjórnendur í leikskóla og leikskólakennarar eiga að halda áfram að ræða gildi leiksins, því þeir hafa vægi í umræðunni. Sköpunarþátturinn og -krafturinn sem eru til staðar í leiknum, birtast leikskólakennurum á hverjum degi. Í samfélaginu og atvinnulífinu er víða leitað eftir einstaklingum með skapandi hugsun og leikur sem námsleið styður vel við þá hugsun. Leikskólar á Íslandi hafa skapað sér góðan orðstír varðandi mikilvægi þess að vinna með leikinn og leikskólinn Sólborg mun ekki láta sitt eftir liggja og vera þátttakandi í umræðunni um þróun og framkvæmd. Leikskólinn Sólborg sinnir leiknum í öllu sínu starfi og birtist það t.a.m. á þeirri samheldni sem birtist í kennara- og barnahópnum. Börnin í Sólborg hafa mikið úthald til leiks og fá fjölda tækifæra til leiks, innan- og utandyra. Í kennarahóp Sólborgar starfa margir fagmenntaðir aðilar, sem eru meðvitaðir um gildi leiksins og hefur það þau áhrif, að börnin nýta sér leikinn sem námsleið.

1.2 Framvinda skólaársins

Leikskólaárið 2021-22 skar sig úr eins og tvö síðustu skólaár hafa gert. Hér verður stiklað á stóru um árið. Um haustið fór fram aðlögun deildanna innanhúss og var ákveðið að táknmálið yrði á Reynistofu þetta árið, ásamt því að deild elstu barna yrði þar úti. Því voru tveir árgangar á deildinni, þar sem táknmálið fylgdi einnig þeim yngri. Fimm döff starfsmenn voru á deildinni, þar af tveir með kennsluréttindi. Þá var sett af stað þróunarverkefni með íslenska táknmálið sem er hugsað til tveggja ára. Þróunarverkefnið hefur gengið vel og verður áfram næsta skólavetur, en í breyttri mynd og færist yfir í aðalbyggingu leikskólans, og verður táknmálið á tveimur deildum í stað einnar. Helgast það af tilkomu ungra barna sem eiga rétt á táknmálsumhverfi í sínu leikskólanámi. Stjórnendur Sólborgar settust tvisvar niður með döff kennurum Sólborgar. Fyrst var um rýnihópasamtal að hausti að ræða, þar sem kennararnir sögðu frá sinni reynslu og upplifun af því að táknmálið hefði verið fært út á Reynistofu þetta skólaárið. Að vori voru framkvæmd einstaklingssamtöl við döff kennara og frekar rætt um framhald þróunarverkefnisins. Tækifæri til umbóta verða alltaf til staðar þegar kemur námsumhverfi Sólborgar vegna íslenska táknmálsins. Styrkleikarnir liggja í því að stjórnendur hvers tíma ásamt döff starfsfólki og öðrum táknmálstalandi kennurum leikskólans verði tilbúin að þróast með tímanum.

Þegar leikskólinn opnaði aftur að haustið 2021 var ljóst að fækkun yrði í barnahópnum, og myndi sú fækkun leiða til þess að hægt yrði að loka einni af stofum leikskólans. Með því yrði hægt að rýma fyrir allri þeirri sérkennslu, öllum þeim stuðningi og öllu því sjónræna rými sem íslenska táknmálið þyrfti auk rýmis fyrir allan þann undirbúning sem fagmenntað fólk leikskólans sinnir. Því varð það hluti af þróunarverkefninu að loka Lerkistofu, deild yngstu barna, til þess að rýma fyrir táknmálinu. Ánægja hefur verið með ákvörðunina, því Sólborg getur staðið betur að þeirri sérhæfingu sem leikskólanum er ætlað að sinna.



Þróun mála varð sú, eftir að aðlögun nýrra barna lauk að hausti, og eftir vel heppnaða haustferð starfsmannahópsins, var farið aftur í hólfaskiptingu milli bygginga og ríkti sú ráðstöfun fram til byrjun febrúar. Þá var kórónuveiran orðin það víðfeðm, að mikið af samfélaginu var orðið smitað og fór Sólborg ekki varhluta af því. Í mars þurfti að grípa til faliðunarreglunnar oftar en einu sinni, þar sem hátt í 75% starfsfólk leikskólans sýktist. Þeir sem komu aftur eftir smit, voru tvær til þrjár vikur að ná upp þreki aftur. Eftir páskafrí, voru flest allir sem smituðust búnir að jafna sig, komnir til baka og komnir í gírinn. Flest allt námsskipulag Sólborgar hélst og er aðdúunarvert að fylgjast með starfsmannahóp Sólborgar sinna börnunum eins vel og alltaf, þrátt fyrir þessa miklu hindranir. Einnig ber að hrósa foreldrahóp barna í Sólborg sérstaklega sem hafa sýnt stjórnendum og aðstæðum mikið æðruleysi og umburðarlyndi í gegnum þessi tvö ár af kórónu, og þá sérstaklega í mars þetta skólaár.

Leikskólinn Sólborg fór í gegnum breytingar þetta leikskólaárið. Undirritaður tók við sem starfandi leikskólastjóri í lok október og stýrði það sem eftir var af skólaári. Nýráðinn kennslustjóri íslenska táknmálsins leysti undirritaðan af í starfi aðstoðarleikskólastjóra. Sérkennslustjóri Sólborgar til fimm ára lauk störfum og þá söðlaði deildarstjóri með 23 ára starfsreynslu í Sólborg sig um og réðst til starfa í nýopnaðan leikskóla í Bríetartúni.

1.3 Starfsáætlun

Í fyrri hluta starfsáætlunarinnar er sjónum einkum beint að innra og ytra mati stjórnenda og rekstraraðila. Í öðrum kafla verður sagt frá umbótaáætlun sem lögð er fram byggð á innra mati stjórnendateymis. Í þriðja kaflanum er sagt frá ytra matinu sem leikskólinn fór í gegnum þennan skólavetur. Í síðari hluta áætlunarinnar meta deildarstjórar árangur markmiða vetrarins ásamt því að leggja til ný og endurbætt markmið. Í fimmta kafla fer fram innra mat á sérkennslunni og í sjötta kafla er lagt mat á starfsþróun og endurmenntun leikskólans. Í sjöunda kafla starfsáætlunarinnar er foreldrasamvinna reifuð. Starfsáætlunin endar síðan á umsögn foreldraráðsins um starfsáætlunina.

F. h. Sólborgar

Sigurbaldur P. Frímannsson, starfandi leikskólastjóri

Reykjavík 29. júní 2022



2 Innra mat leikskólans 2022-2023

Umbót / Mat	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Aðferðir	Viðmið
Stjórnun	Fundir 1x í viku	Undirbúningur	Leikskólastjóri	Haust '22	Sumar '23	Könnun	Ánægja
Uppeldis- og menntastarf	Hálfir dagar	Skipulagning	Aðstoðarleikskólastjóri	Allt skólaárið		Gagnasöfnun	Gagnrýni
Fagmennska	1x í mánuði	4 teymi, rúllandi vikulega	Stjórnendur	Haust '22	Sumar '23	Rýnihópur	Aukin fagmennska
Starfsaðstæður	Samtöl 2x árlega	Skipulagning	Stjórnendur	Haust '22	Sumar '23	Samtöl	Frelsi til tjáningar
Innra mat	Upp með hendur	Fræðsla & Hvatning	Kennslustjóri ÍTM	Allt skólaárið		Stjórnendateymi	Aukinn sýnileiki ÍTM

2.1 Stjórnun

Deildarstjórafundir verða einu sinni í viku, á mánudögum frá kl. 13:30 og eru á undirbúningstíma deildarstjóra.

- **Styrkleikar:** Allir deildarstjórar eru leikskólakennarar. Tíu tíma vikulegur undirbúningur hefur styrkt fagmennsku í starfi deildarstjóra
- **Tækifæri til umbóta:** Skipting ábyrðar síðdegis þegar fagmenntaðu fólki fækkar á deildum.

2.2 Uppeldis- og menntastarf

Skipulagsdagar verða, eins og áður fyrr, sex talsins. Nauðsynlegt er að veita starfsfólki leikskólanna vettvang og svigrúm til að kynna sér og ræða þau verkefni sem kveðið er á um í leikskólanámskránni. Þá þarf tíma til að skipuleggja fagstarfið, vinna að foreldrasamstarfi, tengslum leik- og grunnskóla, gera innra mat og umbótaáætlanir og meta vellíðan og nám barnanna.

Vegna sérstöðu Sólborgar eru pantaðir táknmálstúlkar frá *samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH)* til þess að túlka starfsmannafundi og fræðslu. Þar sem mikið sjónrænt álag verður af því að sitja og horfa á táknmálstúlk allan daginn, hefur stjórnendateymi ákveðið að umbreyta skipulagsdögum í Sólborg. Fyrir hádegi fara fram fundir og fræðsla fram í sal. Eftir það er túlkapöntunin ekki framlengd og eftir hádegismat tekur starfsmannafélag Sólborgar við og hefur veg og vanda af því að skipuleggja viðburði til samþjöppunar hópsins, sem ekki krefjast táknmálstúlkunar.

- **Tækifæri til umbóta:** Skipulagsdögum í leikskólum þarf að fjölga upp í tíu, einn fyrir hvern mánuð fyrir utan jóla- og sumarfrismánuð. Með því að fjölga skipulagsdögum verður starfsumhverfi leikskóla eft og nýjar leiðir opnaðar.



2.3 Fagmennska og starfsaðstæður

Í Sólborg starfar margir kennarar og annað fagmenntað starfsfólk. Áskorun er fyrir stjórnendateymi Sólborgar að raða öllum undirbúningstímum án þess að það komi niður á beinu starfi með börnunum. Þá verður skemmtileg áskorun að finna allri þessari fagmennsku réttan farveg. Í hverri viku hittast fjórar deildir, hver fyrir sig, einu sinni í viku á deildarfundum. Fundartímarnir eru frá kl. 9:00 – 10:00 og skiptast deildarnar á afleysingum. Þar sem það eru fimm dagar í hverri viku, myndast eyða einn dag þar sem hægt er að hafa þverfaglegan teymisfund. Þetta verður framkvæmt í Sólborg næsta skólavetur og verður þá starfsfólki, einu af hverri deild, sem á undirbúningstíma, boðið að velja að vera í einu teymi. Teymin verða, a.ö.l. Nýliðafundur, Táknmálsteymi, Leikur og skapandi starf og loks Læsis- og tvítyngisteymi. Þetta þróunarverkefni verður endurmetið eftir áramót og í lok vors.

- **Styrkleikar:** Margir starfandi fagaðilar í uppeldi og námi barna og nýta því alla þessa fagmennsku til þess að auka gæði náms

Í lok apríl hófust starfsþróunarsamtöl við leikskólastjóra. Viðtölum var háttað með þeim hætti að leikskólastjóri tók samtöl við deildarstjóra, stjórnendateymi, táknmálskennara og starfsfólk eldhúss. Viðtölin voru tekin eitt á dag og vörðu frá lok apríl til lok maí. Síðan komu deildarstjórar að málum og áttu starfsþróunarsamtöl við sitt starfsfólk.

Starfsþróunarsamtöl sem eru einu sinni á ári geta orðið löng, of innihaldsrík og erfið í úrvinnslu. Stjórnendur ætla að skipta þeim upp og dreifa yfir jafnara og lengra tímabil, þannig að hausti getur starfsfólk óskað eftir samtali, sem yrði þá stutt og hnitmiðað. Síðar að vori, í upphafi mars verður hægt að fara í lengra og þróaðra starfsmannasamtal. Haustviðtölin verða í höndum leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra. Að vori taka deildarstjórar við keflinu og skila niðurstöðum sínum til leikskólastjórna.

Leikskólinn Sólborg tók þátt í tilraunaverkefni að hætta með borðsíma. Það hefur tekist vel. Þegar hringt er í Sólborg, er slegið inn eitt aðalnúmer og svarar sjálfvirkur símsvari sem segir frá þeim möguleikum sem bjóðast. Við valið, er símtalinu beint í þá GSM síma sem Sólborg er með á hverri deild og/eða hverjum stjórnanda. Einnig er hægt að hringja beint í þessa GSM síma. Þá er öllum símtölum sem berast eftir kl. 15:00 hvern dag, beint í einn síma, sem starfsfólk í útiveru er með á sér. Þá gerist það oft að öll deildin er fyrir utan aðalbyggingu leikskólans, annað hvort í útiveru eða í vettvangsferð og þá hefur reynst vel að deildin er með GSM síma á sér, sem símtölin enda í. Ánægja er með árangurinn af þessu tilraunaverkefni og verður því haldið áfram. Leikskólinn Sólborg mun ekki nýta sér aftur borðsíma í fyrirséðri framtíð.



2.4 Innra mat táknmálstúlks

Í Sólborg er eitt stöðugildi táknmálstúlks. Helstu túlkunarverkefni:

- Foreldra- og námskrárvíðtöl. Aðra tilfallandi fundi og samtöl milli foreldra og starfsfólks
- Starfsmannaviðtöl og deildafundir
- Fréttir og upplýsingar á heimasíðu, foreldrabréf og skráningar er varða börnin, s.s. námsskrár
- Fyrir börn í daglegu starfi, s.s. samverustundir, söngstund og aðrar upptökur í sal

Endurmat og ársmarkmið

Veturinn 2021-22 var táknmálstúlkur til staðar í daglegu starfi á einni deild þar sem 21 barn dvelja og sjö starfsmenn starfa. Starfsmenn deildarinnar notuðu táknmálstúlk á deildafundum, í starfsþróunarviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við stjórnendur, starfsfólk og foreldra. Táknmálstúlkur túlkaði einnig milli foreldra og starfsmanna í foreldraviðtölum, námsskrárvíðtölum og öðrum tilfallandi samtölum. Túlkur fékk handleiðslu hjá SHH einu sinni yfir veturinn og mun nýta þann kost áfram eftir þörfum.

Túlkur var í starfshóp með öðrum túlkum frá SHH og Hlíðaskóla sem fundaði tvisvar sinnum yfir árið. Þriðja fundinum var frestað vegna covid og hópurinn náði sér ekki á strik eftir það. Túlkur fékk þó tækifæri til að fylgjast með Hlíðaskólatúlkum að störfum í tveimur skólaheimsóknum sem Sólborg fór í með elsta hóp um vorið.

- **Styrkleikar:** Mjög góð samvinna með samstarfsfólki og nokkur samvinna með öðrum túlkum.
- **Tækifæri til umbóta:** Finna leiðir að endurmenntun fyrir túlk. Finna leiðir til að auka við samvinnu milli Hlíðaskóla og Sólborgar, þar sem þetta eru einu staðirnir þar sem táknmálstúlkar starfa við svipaðar aðstæður, þ.e. sem hústúlkar innan skóla þar sem túlkað er fyrir starfsfólk, foreldra og börn. Stjórnendur vilja ráða annan táknmálstúlk.

Endurmenntun: Næsta skólaár mun túlkur Sólborgar vinna sína eigin athugun (sjálfsskoðun) á starfi túlks í leikskóla. Markmiðið er að rýna í starfið með tilliti til kenninga úr túlkafræðum og skrifa greinargerð um starf túlks í leikskóla. Þetta nýtist túlki sem endurmenntun.

Túlkur frá Hlíðaskóla kemur og fylgist með Sólborgartúlki í túlkun og gefur honum endurgjöf (feedback). Túlkur fer í Hlíðaskóla og fylgist með túlkum að störfum þar.

Umbót / Mat	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Aðferðir	Viðmið
Samstarf við aðrar stofnanir	Fagleg umræða	Fundir 4x yfir árið	Túlkur	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat vor '23.	Fagleg umræða
Samstarf við Hlíðaskóla	Fylgjast með öðrum túlka	Heimsóknir á vettvang	Túlkur	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat vor '23.	Samvinna þvert á skólastig
Endurmenntun túlks	Ígrundun	Fræðileg tenging	Túlkur	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat vor '23.	Greinargerð



2.5 Innra mat kennslustjóra íslenska táknmálsins

Sérhæfing leikskólans Sólborgar liggur í því að hér er boðið upp á námsumhverfi fyrir börn sem nota íslenskt táknmál. Einnig eru hér starfsaðstæður fyrir döff kennara. Vorið 2021 ákváðu stjórnendur leikskólans að einblína á íslenska táknmálið og hafa það öndvegis. Fyrsti áfanginn var þegar ráðinn var kennslustjóri íslenska táknmálsins og var ráðinn aðili með tuttugu ára reynslu af störfum sínum fyrir SHH, m.a. sem táknmálskennari.

Endurmat 2022

Starfsfólk Sólborgar fékk táknmálskennslu á hverjum morgni frá kl. 8.30 – 9.00. Á námskeiðinu mættu bæði deildarstarfsmenn og aðrir starfsmenn utan deilda. Frá mánudegi til fimmtudags var starfsfólk sem hafði einhvern grunn í ÍTM en á föstudögum var starfsfólk sem hafði engan grunn. Góð mæting var í tímana og alls voru á hverjum degi hátt í fimm starfsmenn.

Börnin í Sólborg fengu einnig táknmálskennslu þar sem þau lærðu grunnin í ÍTM, sungu á ÍTM og sögur voru sagðar. Allt þetta fór fram í samverustundum með kennslustjóra.

Foreldrar leikskólabarna gátu óskað eftir aðgangi að samfélagsmiðlahópi, þar sem þau fengu „fjáarkennslu“ í ÍTM, sem byggðist á fróðleiksmolum um döff samfélagið, táknmálskennslu og menningu döff.

Markmið fyrir skólaárið 2022-2023:

- **Styrkleikar:** Samskipti heyrandi barna við döff börn og starfsfólk. ÍTM verður sýnilegra bæði hjá starfsfólki, börnum og foreldrum. Starfsfólk frá mismunandi deildum voru saman á námskeiðinu sem gerði það að verkum að þau kynntust enn frekar.
- **Tækifæri til umbóta:** Vinna áfram með starfsfólki, börnum og foreldrum barnanna að fræðslu og kennslu í ÍTM. Búa til námsefnisbók fyrir starfsfólk leikskólans og fyrir börn hér í Sólborg.

Umbót / Mat	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Aðferðir	Viðmið
Vantar námsefnisbók fyrir starfsfólk	Búa til námsefni	Taka saman námsefni	Kennslustjóri ÍTM	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat vor '23.	Námsefni sem hentar starfsfólki leikskóla
Vantar námsefnisbók fyrir börn	Búa til námsefni	Taka saman námsefni sem hentar leikskólastiginu	Kennslustjóri ÍTM	Haut 2022	Vor 2023	Endurmat vor '23.	Námsefni sem hentar börnum í leikskóla

3 Ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Í ytra matinu kemur fram greinargerð um það mat sem framkvæmt var í Sólborg þennan skólavetur. Að þeim loknum kemur fram umbótaáætlun leikskólans vegna þeirra niðurstöðna sem koma fram í ytra matinu.

3.1 Innra starfsumhverfi

Að beiðni SFS, var framkvæmd úttekt á innra starfsumhverfi leikskólans. Innra starfsumhverfi vísar til þeirrar upplifunar eða viðhorfa sem eru ríkjandi meðal starfsfólks. M.a. hver líðan starfsmanna er, starfsánægja, samskiptahættir, starfsandi, álag og stjórnunarhættir. Framkvæmdaraðili var óháður og var í höndum sálfræðistofunnar Líf og Sál ehf. Í janúar og febrúar 2022 fór allt starfsfólk leikskólans í einstaklingsviðtöl hjá Líf og Sál, á Suðurlandsbraut. Fengnir voru tveir aðilar til þess að stýra leikskólanum á þessu tímabili, til þess að tryggja að núverandi skólastjórnendur gætu ekki haft áhrif á niðurstöðurnar. Þeir mættu í Sólborg og héldu utan um hverjir mættu í viðtal og hvenær. Niðurstöður úttektarinnar lágu fyrir í byrjun apríl og var kynnt á starfsmannafundi í salarkynnum Sólborgar þann 7. apríl. Kynningin var í höndum sálfræðings Lífs og Sálar. Fundinn sat allt starfsfólk Sólborgar auk þess sem fagstjóri leikskólamála frá SFS mætti.

Niðurstöður

Niðurstöðurnar voru þær að almennt líður starfsfólki leikskólans vel. Eftirfarandi punktar eru þættir, sem eru tilteknir í umsógn úttektarinnar. Í heildina litið er viðhorf starfsmanna til samstarfsfélaga, verkefna og vinnustaðarins gott. Starfsfólk upplifir að auðvelt sé að leita ráða og fá aðstoð og stuðning ef þess þarf. Mikil samvinna hefur skapast meðal starfsmanna og heilt yfir er reynt að hafa jákvæðni að leiðarljósi. Langflest starfsfólk talaði vel um vinnustaðinn, starfsumhverfið, stjórnendur og þær ákvarðanir sem skólinn hefur tekið til að efla starfið og aðalaga að breyttum veruleika. Flestum finnst álagið viðráðanlegt og finna ekki fyrir streitu í tengslum við vinnuna. Það má m.a. rekja til þess að börnum var fækkað og samvinna orðin meiri. Margt starfsfólk er þakklátt því að vinna hjá Sólborg og upplifa að vinna með börnum sé ánægjuleg og gefandi. Mikill metnaður virðist ríkja gagnvart starfinu og voru flest ánægð með þann sveigjanleika sem fólk fær til að sinna starfinu sínu. Þá virðist starfsfólk að mestu ná mjög vel saman. Starfsfólk býr yfir mikilli hæfni, þekkingu og reynslu og brenna fyrir starfinu sínu.

Í skýrslu Lífs og Sálar, nánar tiltekið í kaflanum *raunhæfar lausnir*, komu starfsfólk Sólborgar með margar góðar hugmyndir að úrbótum og voru þær margar samhljóma og eru eftirfarandi:

- Helstu niðurstöður greiningar á innra starfsumhverfi verði kynntar fyrir starfsmönnum en persónusjónarmiða gætt.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fái handleiðslu í erfiðu hlutverki.
- Allur starfshópurinn fái fræðslu um samskipti og sálfélagslega áhættuþætti á vinnustað og vinni leiðarljós í samskiptum í tengslum við þá fræðslu.



- Starfshópurinn með stjórnendur í fararbroddi fari yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar, hvernig hefur gengið og hvað er fram undan. Gerður sé tímaás sem er öllum sýnilegur sem markar breytingar fram undan.
- Farið verði yfir verkferla og boðleiðir kvartana er varða einelti, kynferðislega og/eða kynbundna áreitni og ofbeldi (EKKÓ) með starfshópnum.
- Starfshópurinn geri sér dagamun og vinni með uppbyggjandi hætti að bætingu og viðhaldi góðs starfsanda.
- Starfsfólk frá Lífi og Sál hitti hópin eftir nokkra mánuði og farið verði yfir hvernig hefur gengið og tekið á málum sem þarf að skerpa á.
- Lagt til að farið verði að ákvæðum vinnuverndarlaga og reglugerðar um andlega og félagslega áhættu á vinnustað, þ.e. að gert sé áhættumat og mótaðar verklagsreglur um viðbrögð ef upp kemur grunur eða ásanir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað, sé það ekki þegar fyrir hendi.

3.2 Vinnustaðarkönnun

Á tímabilinu 1. – 25. mars fór fram vinnustaðarkönnun og var hún framkvæmd rafrænt með spurningalistum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Könnunin í ár var styttr töluvert og vegna þess hve margar spurningar voru teknar út eru eingöngu fimm þættir af átján sem eru samanburðarhæfir frá síðustu könnun. Eingöngu þættirnir *fræðsla og þjálfun*, *starfsánægja*, *sveigjanleiki í starfi*, *upplýsingaflæði* og *vinnuaðstaða* eru eins og í fyrra og þess vegna samanburðarhæfir. Nýju þættirnir sem bætt var við eru: *Betri vinnutími/stytting*, *Covid19*, *Vellíðan* og *hugarfar grósku* og *Líðan – Álag*. Samkvæmt litakóða er græn litur einkunn á bilinu 4-5, gulur einkunn á bilinu 3-4 og rauður einkunn á bilinu 3 og þar fyrir neðan.

Betri vinnutími / Stytting – 4,4

Stjórnun – 3,80

Covid 19 – 3,17

Sveigjanleiki í starfi – 4,34

Fræðsla og þjálfun – 4,07.

Tilgangur – 4,36

Hæfilegt vinnuálag – 2,83

Upplýsingaflæði – 4,08

Líðan – Álag 3,86

Vellíðan og hugarfar grósku - 3,90

Starfsandi – 3,90

Viðurkenning - 3,61

Starfsánægja – 4,16

Vinnuaðstaða – 4,34

Í starfsmannakönnunni sem var framkvæmd árið 2021 voru tveir samanburðarhæfir þættir á gulu hjá Sólborg. Það voru liðirnir *starfsánægja* 3,77, *stjórnun* 3,55 og *upplýsingagjöf* 3,59. Árið 2022 eru þessir þættir orðnir grænir aftur, því *starfsánægja* mælist 4,16 og *upplýsingagjöf* 4,03. Enn fremur eru samanburðarhæfu þættirnir fimm komnir á grænt hjá Sólborg. Skýring þess er sú að í könnuninni í ár, var mikil þátttaka starfsfólks. Sólborg er með einn þátt á rauðu, sex á gulu og sjö á grænu. Heildarmeðtal allra þátta er 3,8 og er það viðunandi.

Markmið

Stjórnendur geta gert ennþá betur í að skapa hæfilegt vinnuálag fyrir starfsfólk og kennara Sólborgar. Þrátt fyrir að hæfilegt vinnuálag sé lágt er starfsfólk ánægt með sveigjanleika í starfi, styttinguna og vinnuaðstöðuna. Stjórnendur þurfa að leggjast yfir þá þætti sem valda álaginu og stuðla að því að þeir þættir komist á sama stað og aðrir þættir starfsumhverfis sem fá góða einkunn. Minnkun á starfsmannaveltu gæti verið ein lausnin. Með því að leysa þennan vanda, sem álag í starfi veldur, gætir það lyft upp öðrum þáttum, eins og starfsanda, stjórnuna, vellíðan og viðurkenningu.

Leiðir til árangurs

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Innra starfsumhverfi Sólborgar	Einstaklingsviðtöl á sálfræðistofu	Allt starfsfólk	Styrkleikar: Mjög góð líðan starfsfólks Tækifæri til umbóta: Mismikil ánægja með breytingar, sýna þær á tímaás og undirbúa vel.
Vinnustaðarkönnun	Rafræn könnun	Allt starfsfólk	Styrkleikar: Almenn starfsánægja. Góð upplýsingagjöf. Ánægja með styttingu, sveigjanleika, starfsaðstæður og fræðslu. Tækifæri til umbóta: Minnka vinnuálag. Lágmarka starfsmannaveltu, úr 5% niður í 2,5%.



4 Innra deildarmat

Í Sólborg eru fjórar stofur. Hér í þessum kafla kemur innra mat hverrar stofu og hefst innra matið á mati stofu yngstu barna, Birkistofu.

4.1 Innra mat Birkistofu

Veturinn 2021-2022 á Birkistofu voru sextán börn og tólf þeirra byrjuðu í aðlögun að hausti 2021. Aldursbilið í barnahópnum voru níu mánuðir, elsta barn var fætt í apríl 2019 og yngsta barnið í des. 2019. Á stofunni var eitt barn með stuðning, sem þarf á táknmálakennslu að halda, eitt CODA barn, sem einnig talar táknmál og fjögur fjöltyngd börn. Kynjaskiptingin í hópnum var nokkuð jöfn, sjö strákar og níu stelpur. Fimm kennarar fylgdu hópnum allan veturinn. Í apríl 2022 byrjaði hjá okkur stúlka fædd í nóvember 2020 og varð fyrir vikið langyngst á deildinni.

Endurmat

Gera táknmálið sýnilegra á stofunni. Tækifæri til umbóta er að vera oftar upp með hendurnar og eiga samstarf við döff starfsfólk.

Opinn efniviður. Að börnin læri að leika með opinn efnivið saman í hóp sem og einstaklingslega, inni og úti. Börnin fara í hópastarf fimm sinnum í viku og er þeim þá skipt niður í tvo hópa í eina kennslustund í senn. Það er farið í ýmis verkefni t.d. könnunarleik, hlutverkaleik, lesið, sungið og rætt saman ásamt ýmsum borðleikjum í myndlist og leikfimi. Börnunum líður vel hjá okkur og treysta okkur. Þau leita til okkar eftir hjálp þegar þau þurfa á henni að halda. Við nýttum okkur rými deildarinnar eins vel og hægt var og reyndum alltaf að tvískipta hópnum milli herbergja til að nýta rýmið enn betur og gefa börnunum færi á að vera í rólegra rými. Lögð áhersla á vináttu og samskiptin í hópnum og áhersla á samvinnu.

Útivera. Öll börnin fara út fyrir hádegi og eftir síðdegishressingu á hverjum degi og markmið útiverunnar er fyrst og fremst hreyfingin auk þess að fá tækifæri til að kynnast nánasta umhverfi sínu og náttúrunni. Öll börnin fara út tvisvar daglega en bæta mætti virkni kennara í útiverunni.

Námskrá. Vinna eftir námskrá Sólborgar, þar sem lögð er áhersla á félags-, mál- og hreyfiproska. Samverustundir eru hjá okkur tvisvar sinnum á dag. Þar eru öll börnin saman og þá er lesið, sungið, farið með þulur og spjallað saman og jafnvel dansað. Þá eru notuð tákni í þessum stundum og hreyfingar með lögum og textanum. Í málörvun var notast við málörvunarefnið „Lubbi finnur málbein“.

- **Styrkleikar:** Börnin leika í fámennum hópum þar sem kennarar eru alltaf til staðar
- **Tækifæri til umbóta:** Virkni í útiveru og lágmarka dót.

Ársmarkmið 2022-'23

Þátttöka aðlögun. Næsta vetur verða börn á Birkistofu börn fædd árin 2019, 2020 og 2021. Aðlögun nýs barnahóps með það að markmiði að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi

sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra. Þetta verður framkvæmt með þátttökuaðlögun þar sem starfsfólk er til staðar og unnið er í litlum hópum.

Félagsfærni í leik og starfi: Að börnin læri að umgangast hvert annað og umhverfið af virðingu og læri að leika sér saman og með mismunandi efnivið. Við skiptum hópnum upp í litla hópa, þannig að ró og friður sé til leiks og starfa. Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, þannig að þau finni fyrir nánd okkar. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.

Leggja áherslu á læsisstefnu og táknmál. Að börnin safni orðaforða, geti tjáð sig, læri söngtexta og leikræna tjáningu. Þetta verður gert daglega með lestri, söng, samtölum og með því að leika saman, nota málörvunarefnið „Lubbi finnur málbein“.

Táknmál. Leggja áherslu á að öll börn á deildinni geti skilið grunnorð á táknmáli. Samvinna með döff starfsfólki.

Leiðir til árangurs:

Umbót / Mat	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Aðferðir	Viðmið
Táknmál	Auka sýnileikann	Upp með hendur alltaf	Kennslustjóri ÍTM	Haut 22	Vor 23	Uppbyggj-legar umræður og ábendingar	Aukið sjálfstraust í táknmáli
Útikennsla	Auka tíðni	Skipulagning og áræðni	Deildarstjóri. Allt starfsfólk	Haut 22	Vor 23	Á deildarfundum	Minni notkun á leikföngum

4.2 Innra mat Furustofu

Veturinn 2021-2022 voru átján börn á Furustofu. Hluti barnanna hafði verið hjá okkur veturinn áður og við bættist hópur barna af Birkistofu.

Endurmat

Þrír árgangar voru á deildinni, börn fædd árin 2017, 2018 og 2019. Samræmingarferlið gekk framar vonum, hvíldin var sá þáttur í ferlinu sem tók lengstan tíma, því sum börnin þurftu svefnhvíld, önnur góða slökun og þriðji hópurinn leshvíld. Aðlögunin gekk mjög vel, þau sem komu ný á deildina komu í hóp vana og höfðu styrk hvert af öðru.

Starfsmannahópurinn hélst nokkuð vel. Um áramót hætti einn starfsmaður, annar kom í staðinn og var fram í apríl. Um miðjan maí kom leikskólakennari í staðinn og var þá deildin loksins fullmönnuð. Því var mikið álag á deildinni frá því í lok mars og fram í miðjan maí, þar sem auk þess að vantaði starfsfólk fór



starfsfólk í skammtímaveikindaleyfi og námsleyfi. Þökk sé aðstoðarleikskólastjóra Sólborgar og hennar eljusemi, hélt þó skipulagið fram yfir þennan tíma.

Það gekk vel að halda öllu skipulagi fyrir áramót. Eftir áramót lentum við í covid-tímabili, þar sem veikindi barna og starfsmanna settu strik í reikninginn. Við reyndum þó eftir fremsta megni að halda uppi áætlun, t.d. íþróttum, listaskála og vinnu með Lubba. Það var helst að útikennslan félli upp fyrir, en það gerist gjarnan yfir vetrartímann og þegar vantar starfsfólk. Við vorum dugleg að hafa öflugar söngstundir inni á deild, þar sem börnin lærðu mörg og fjölbreytt lög. Táknmálsstundir héldu sér og vorum við svo heppin að fá kennslustjóra táknmálsins í samverustundir, og hefur hún aukið áhuga barnanna á táknmálinu.

Stytting vinnuvikunnar hefur gengið mjög vel. Allir kennarar deildarinnar eru sammála um að hún skipti þá miklu máli. Við höfum þurft að fella hana niður og biðja fólk um að vinna lengur, en reynt að hliðra til líka.

- **Styrkleikar**: Samheldin barnahópur, þrátt fyrir ólíkan aldur. Starfsmannahópurinn náði mjög vel saman og var samtaka í starfi.
- **Tækifæri til umbóta**: Að virtur sé kjarasamningsbundin réttindi hvers starfsmanns, að hann hljóti fjögurra tíma vikulega styttingu.

Ársmarkmið 2022-2023

Við verðum með tvo árganga á deildinni, börn fædd 2018 og 2019. Eins og undanfarin ár komum við til með að skipta hópnum upp í smærri hópa, eins og kostur er á.

Heilbrigði og vellíðan. Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra. Við tökum tillit til vilja barnanna um viðfangsefni og leikfélaga í þessum skiptingum. Með fámennari hópum náum við meiri ró og ánægju í leiknum og hvert barn fær notið sín. Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, að þeir sitji við borð með þeim sem eru í borðvinnu og sitji á gólfinu með þeim sem eru í gólfleikjum. Þannig finna börnin fyrir nánd okkar.

Námsskrá. Unnið sé eftir námskrá Sólborgar, þar sem við leggjum m.a. áherslu á félagsþroska og samskipti, mál- og hreyfiþroska. Kennarar verði duglegir að skipta út leikefni og athugi að það hæfi aldri barnanna. Við komum til með að nýta hvert tækifæri til að vinna með málþroska, við syngjum, lærum þulur, lesum og segjum sögur, spjöllum saman og grípum tækifærið þegar ný orð verða á vegi okkar. Áfram verður áhersla á hreyfingu, bæði í íþróttum í sal og í útiveru. Við ætlum að nýta okkur fjölbreyttar aðferðir til að nota í sögu- og samverustundum. T.d. flæðilestur, sögugerð og bókina um Lubba.

Táknmál. Halda áfram að fá táknmálskennara í vinnu með börnunum, eins og við höfum gert.

Skráningar. Að efla skráningar, gera starfið sýnilegra. Halda áfram að senda foreldrum myndir af starfinu, en einnig að safna saman skráningum og setja í möppu, þannig börnin geti skoðað. Láta börnin taka þátt í skráningunum.

Leiðir til árangurs:

Umbót / Mat	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Aðferðir	Viðmið
Táknmál	Að bæta við kunnáttuna í táknmáli	Halda áfram samstarfinu við kennslustjóra ÍTM	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Haut 2022	Vor 2023	Umræður á deildarfundum í jan. og maí 2023	Að börnin öðlist meiri orðaforða á táknmáli
Söngur í sal	Læra ný lög og hafa gaman	Tvískipta barnahópnum eftir aldri	Deildastjórar	Haut 2022	Vor 2023	Umræður á deildarfundum í jan. og maí 2023	Virk og ánægð börn
Sögu og samverustundir	Að auka málproska barnanna, m.a. orðaforða og tjáningu	Að kennarar kynni sér aðferðir t.d. flæði-lesturs, sögu-gerðar og Lubba	Kennarar	Haut 2022	Vor 2023	Umræður á deildarfundum í jan. og maí 2023	Virk og ánægð börn
Skráningar	Að gera starf barnanna sýnilegra	Taka myndir úr starfinu og hengja m.a. upp í forstofu	Kennarar	Haut 2022	Vor 2023	Umræður á deildarfundum í jan. og maí 2023	Virk og ánægð börn

4.3 Innra mat Viðistofu

Skólaárið 2021-2022 voru ellefu börn fædd 2017, fimm börn fædd 2018 og þrjú börn fædd 2019. Við erum með sameiginleg markmið fyrir allan barnahópinn sem snýr að valdeflingu barna með því að efla sjálfstæði þeirra í matartíma og fataklefa. Efla málskilning og læsi með sögulestri og leika með orð og rím. Einnig er það markmið Viðistofu að efla læsi barna á táknmáli með því að hafa sýnilegar myndir með táknum, fingrastafrófið og annað.

Endurmat

Það hefur gengið ágætlega að vinna að sameiginlegum markmiðum, við sjáum sjálfstæði barnanna aukast jafnt og þétt. Eldri börnin þekkja stafina vel, við höfum verið að vinna með Lubba og eru málhljóðin sýnileg upp á vegg. Eldri börnin eru farin að skrifa orð og sýna stöfunum mikinn áhuga. Við erum með blandaðan barnahóp, yngri hópurinn hlustar á sögur, það er mikið lesið fyrir hópinn og sögurnar ræddar.

Kennslustjóri táknmálsins kemur til okkar á föstudögum með táknmálakennslu, börnin eru mjög áhugasöm og þeim hefur farið fram.

- **Styrkleikar:** Eflum sjálfshjálpi, sjálfstæði og lesskilning barnanna. Erum með fær börn sem hafa áhuga á stöfunum. Gott að hafa blandaðan barnahóp, yngri börnin krefja okkur um að vera skýr og setja hlutina fram á einfaldan hátt sem gagnast þeim eldri. Einnig njóta þau yngri góðs af máhljóða innlögnum þeirra eldri, Lubba máhljóðin eru sýnileg og ýtir undir áhuga þeirra.
- **Tækifæri til umbóta:** Starfsmenn deildarinnar ræddu að hafa þyrfti markmiðin sýnilegri og meiri umræðu um þau á deildarfundum væri sniðugt þar sem þau eru fljótt að gleymast. Við erum sammála um að það þarf að syngja meira inn á deild, gaman væri að taka aftur upp sameiginlegar söngstundir (féllu niður í Covid).

Ársmarkmið 2022-'23

Markmið Víðistofu 2022-23 verður samvinna döff og heyrandi starfsfólks og innleiðing táknaðs í allt daglegt starf. Áhersla verður lögð á samvinnu, þrautseigju, einbeitingu og vinsemd með barnahópnum í öllu daglegu starfi. Unnið verður að þessum áherslupáttum í gegnum frjálsa leikinn með valkerfi, í gegnum hópastarf, útikennslu og útveru og í samverustundum við matarborð og hvíldartíma.

Leiðir til árangurs:

Umbót / Mat	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Aðferðir	Viðmið
Sjálfstæði	Að efla sjálfstæði þeirra.	Minni hópar í fataklefa, leikrit í samverustund, almenn umræða	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Haut 22	Vor 23	Rökræður á deildarfundum.	
Samvinna döff og heyrandi	Táknað sýnilegt	Upp með hendur	Deildarstjóri ásamt öllum starfsfólki	Haut 22	Vor 23	Með samræðum og endurmati	Að allir bæti sig í samskiptum

4.4 Innra mat Reynistofu

Á Reynistofu þetta skólaárið voru 21 barn. Í útskriftarhópi voru sextán börn fædd 2016 og þar af fimm táknaðsnotendur. Í yngri hópnum voru fimm börn fædd 2018 og af þeim tala þrjú táknað. Á stofunni störfuðu tíu kennarar, tímavinnustarfsfólk ásamt sérkennslustjóra og einum túlk. Af starfsmannahópnum voru fjórir döff kennarar. Samvinna döff og heyrandi var því útgangspunktur í starfinu.

Endurmat

Umsjón með útskriftarhópnum var í höndum tveggja kennara og táknaðstúlks, þar sem einn kennaranna er döff. Vinnan með útskriftarverkefni gekk mjög vel og samvinnan til fyrirmyndar. Unnið var með læsi og hljóðkerfisvitund annars vegar og þematengda útskriftarbók hins vegar ásamt söng- og framkomuæfingum. Börnin hafa verið áhugasöm og jákvæð. Samvinnan í hópnum hefur gengið vel og börnin náð vel saman. Samvinna milli döff og heyrandi hefur gengið vel. Túlkurinn er nauðsynlegur til að forðast misskilnings milli heyrandi og döff. En eftir því sem kennarar kynnast betur innbyrðis og vinnuaðferðum hvers annars þá verður minna um misskilning.

Umsjón með yngri hópnum var í höndum tveggja döff kennara og túlks. Unnið var með sjálfsmynd, fjölskylduna, læsi og táknmál. Unnið var með læsi og táknmál, þau lærðu í gegnum íslenskt táknmál og íslensku um sjálfsmynd, fjölskylduna og læsi og voru þemun samþættuð í útikennslu og listaskála. Þau voru dugleg að fylgja fyrirmælum og góð samvinna var á milli barnanna í léttum hópverkefnum og einstaklingsverkefnum. Verkefnin voru sveigjanleg og hentuðu fyrir þroska og hæfni yngri aldurhópsins. Samvinna hefur gengið vel á milli döff og heyrandi kennara. Yngri börnin hafa verið áhugasöm, metnaðarfull og jákvæð. Þau náðu vel saman, voru samvinnuþýð og þjálfuðust í að horfa, hlusta og fara eftir fyrirmælum döff kennara. Börnin fengu stuðning eftir þörfum.

Börnunum var boðið í fáeinar heimsóknir í Hlíðaskóla og Eldflaugina yfir allt skólaárið. Kennarar elstu barna, og sérkennslustjóri eftir atvikum, veittu upplýsingar um þau eftir því sem þurfti og skiluðu inn skriflegum upplýsingum um öll börnin. Foreldrar höfðu áður lesið yfir skrifin og gefið skriflegt leyfi.

- **Styrkleikar:** Fjöltýngt málumhverfi íslensku og íslenskt táknmáls. Þátttaka í Barnamenningarhátíð með Tónskóla Sigursveins. Hvetjum til áframhaldandi þátttöku. Gott skipulag og samvinna allra kennara.
- **Tækifæri til umbóta:** Að starfsmenn hafi kunnáttu á táknmáli og geti haft samskipti þegar túlkur er ekki á staðnum. Döff börnin eru meira í umsjón döff kennara og sækja eðlilega meira í þá. Gott væri að hreyfa aðeins við þessu og hvetja þau til að sækja til heyrandi kennara. Það styrkir þau að reyna að gera sig skiljanlega við heyrandi kennara. Kennarinn ber ábyrgð á öllum börnunum á deildinni. Kennarar úr Hlíðaskóla komu ekki í heimsókn í Sólborg og hafa ekki mætt í yfir þrjú ár.

Umbót / Mat	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Aðferðir	Viðmið
Útskriftarverkefni	Halda áfram að þróa verkefni	Skoða barnahópin og hugmyndir kennara	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haust 2022	Vor 2023	Samráð kennara á deildarfundum	Ánægjulegt og árangursríkt vinnuferli
Þúsaldarljóð og útskriftarbók							
Söngur og leikræn tjáning	Læra texta, framkoma og tjáning	Þátttaka nemenda í öllu ferlinu	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haust 2022	Vor 2023	Samráð kennara	Lærdómsríkt ferli. Sýningar
Lestur og hvíld	Virk hlustun, slökun	Lesið krefjandi bækur	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haust 2022	Vor 2023	Samráð kennara	Ánægja af sögulestri og þátttaka í umræðum
Félagsfæri	Samskipti og hegðun	Skýr fyrirmæli og mörk	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haust 2022	Vor 2023	Samráð kennara	Samkennd hjálpssemi, kurteisi.



Ársmarkmið 2022-'23

Elstu börn næsta skólaárs, börn fædd árið 2017, verða staðsett á Reynistofu, eins og hefur skapast hefð fyrir í Sólborg. Deildarstjóri Reynistofu verður þeirra tengiliður við Hlíðaskóla, ásamt leikskólastjóra. Samstarfið hefst að ráði eftir áramót og fara þá tilvonandi nemendur í þrjár til fjórar heimsóknir. Að heimsóknum loknum fara fram skólaskil og verður ábyrgðin þar í höndum deildarstjóra og sérkennslustjóra, sem fá aðstoð sinna leikskóla- og sérkennara.

Markmiðin verða eftirfarandi.

- Elstu barna verkefni: Þúsaldarljóð, frumefnin fjögur og grunnskólaferni
- Söngur og tónastundir: Söngur, hlustun, hljóðfæri og hreyfing
- Táknmál: Samvinna döff og heyrandi
- Lestur og leikræn tjáning: Hlustun, einbeiting, tjáning
- Hegðun og framkoma: Agi, kurteisí og tillitssemi



5 Innra mat sérkennslu

Í Sólborg var að meginleytinu til einn sérkennslustjóri. Sá aðili hafði yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Hann sinnti ráðgjöf til starfsfólks og hélt utan um samstarf við foreldra og utanaðkomandi sérfræðinga, sá um skipulagningu samráðs og reglulegra teymisfunda og sat deildarfundi eftir þörfum. Meginþættir sérkennslunnar líta að eftirfarandi þáttum:

- Kennsla heyrnarskertra og heyrnarlausra barna.
- Atferlisþjálfun barna með einhverfu.
- Snemmtæk íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska.
- Markviss skipulögð þjálfun barna með önnur þroskafrávik varðandi mál- og hreyfiþroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir.

Sólborg er í samstarfi við eftirfarandi aðila: Sjúkra- og iðjuþjálfra frá Æfingastöðinni, talmeinafræðinga hjá Heyrnar- og talmeinastöð (HTÍ), táknmálskennsla frá SHH og þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Sólborg hefur sinnt ráðgjöf varðandi heyrnarskert börn í almennum leikskólum á landsvísu, sem sérkennslustjóri hefur sinnt.

Endurmat 2022

Á síðasta ári voru ellefu börn sem nutu sérkennslu í Sólborg. Börnin hafa skilgreindar fatlanir á sviði heyrnarskerðingar, einhverfu, þroskaskerðingar, sjónskerðingar og málröskunar. Úthlutaðir stuðningstímar vegna þessara barna voru 73 tímar. Í 1. flokki voru níu börn og í 2. flokki voru tvö börn.

- **Styrkleikar:** Okkar styrkleikar í Sólborg eru skýr stefna leikskólans varðandi sérkennslu og nám barna með sérþarfir. Þverfaglegur starfsmannahópur er mjög mikilvægur í þessari vinnu og kemur sterkur inn. Stuðningur þess er ætlaður að styðja við barnið í barnahópnum, þannig að öll börn geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu
- **Tækifæri til umbóta:** Að starfsfólk sem sinnir sérkennslu deili reynslu, hugmyndum og verkefnum sín á milli og fái að vera í sérkennslu með hverju öðru inni á deild eða vinnustundum. Sérkennslustjórar stefna að því að tengja starfsfólk meira saman og hvetja það til að fylgjast með sérkennslu hvert hjá öðru.

Skipulagning sérkennslu 2021-2022

Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.	Þarfir barnsins eru í forgrunni og sérkennsla fer ýmist fram inná deild, í hópi barna eða einstaklingskennslu. Sérkennsla var skipulögð af sérkennslustjórum í samstarfi við deildastjóra.
Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Börn með sérþarfir eru með einstaklingsnámskrá þar sett eru fram langtíma- og skammtíamarkíð.

	Í einstaklingsvinnu eru notuð eyðublöð þar sem viðfangsefni og endurmat tímans er skráð. Í atferlisþjálfun eru notuð þar til gerð skráningarblöð. Myndbandsupptökur eru einnig talsvert notaðar sem skráningarform.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil, Táknasafn, EFI-2, HLJÓM-2, NEAP – heyrnræn greining. Atferlislistar- Listi yfir þjálfunaráætlanir
Hvaða námsefni var notað?	Sólborg á mikið safn námsgagna og þau eru notuð eftir þörfum hverju sinni og sem hentar hverju barni fyrir sig.

5.1 Innra mat – fjöltyngd börn

Í leikskólanum Sólborg voru ellefu börn sem eru fjöltyngd. Læsisstefna er grunntónn í öllu daglegu starfi og málörvun allra barna í leikskólanum. Einnig eru orðaforðalistar notaðir til þess að fylgjast með framförum barnanna. Ef þannig var í pottinn búið, fékk barnið stuðning í sérkennsluherbergi og málörvun í gegnum hópastarf. Hugað er að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna að mati stjórnenda Sólborgar.

Endurmat 2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt, gefðu 10?	Fjármagninu sem er úthlutað til Sólborgar vegna fjöltyngdra barna er ráðstafað með kaupum á málörvunarefni s.s. kennsluefni, bókum, spilum og fyrirlesturum fyrir starfsfólk. Börnin fengu sinn stuðning í gegnum leik og skapandi starf. Mismunandi er hvort starfsfólk hafi próað með sér Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Orðaforði barnanna er markvisst dýpkaður með því að orð eru sett á athafnir barnanna, með lestri bóka og söngstundum ásamt öðru sem samræmist læsisstefnu Sólborgar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum fjöltyngdra barna í íslensku með skráningum um þroskaframvindu þeirra. Þannig er málþroski sérstaklega skráður. Einnig eru orðaforðalistar notaðir til þess að fylgjast með framförum barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna?	Sérkennslustjóri, í samráði við deildarstjóra, athugaði málsskilning barna

6 Starfsþróunarsamtöl og -fræðsla

6.1 Námskeið og fræðsla

- Leikskólastjóri fékk handleiðslu yfir skólaárið.
- Leikskólastjóri sinnti ráðgjöf fyrir leikskóla í formi fyrirlesturs um *opinn efnivið*.
- Leikskólastjóri sótti námskeiðið *stjórnendur í hringiðu breytinga*, á vegum menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
- Sérkennslustjóri fór á fræðsludag hjá *félagi sérkennara* í nóvember.
- Sérkennslustjóri og kennslustjóri íslenska táknmálsins sinntu ráðgjöf í leikskólum á landsvísu.
- Táknmálsteymi Sólborgar kom að þróunarverkefninu *Svo lengi lærir sem lifir* á vegum SFS. Hlíðaskóli og Eldflaugin, frístundarmiðstöð Hlíðaskóla komu einnig að verkefninu. Mestu fundarhöldin voru í gegnum fjarfundarbúnað, en síðasti fundurinn fór fram í Hlíðaskóla í maí 2022. Unnið var að þróunarverkefni í tengslum við íslenska táknmálið.
- Einn starfsmaður fór á námskeið í *íslenska málhljóðamælinum*.
- Tveir starfsmenn mættu á vörðstefnu *Ráðgjafar- og greiningarstöðvar*. Þar voru börn í forgrunni undir yfirheitinu *Börn með fatlanir – Virkni og velferð*.
- Allt starfsfólk sat táknmálsnámskeið á vegum Sólborgar. Námskeið vetrarins fór fram á milli kl. 08:30 til 09:00 og mætti einn starfsmaður frá hverri deild. Kennslustjóri íslenska táknmálsins sá um námskeiðshald.
- Tvö námskeið í skyndihjálpi voru haldin á vegum Rauða krossins. Framhaldsnámskeið var haldið 29. okt og var tveggja tíma fræðsla fyrir tólf starfsmenn sem höfðu áður lokið byrjenda námskeiði. Í mars 2022 fór fram byrjendanámskeið og sóttu átta starfsmenn, sem höfðu allir byrjað í Sólborg frá og með haustinu 2020 og höfðu ekki hlotið grunnmenntun í skyndihjálpi. Það var fjögurra tíma námskeið. Þau fóru bæði fram að kvöldi til, eftir að leikskólanámi barna lauk þann dag.
- Fyrirlestur frá Hörpu Kolbeinsdóttur um *Leikinn á lóðinni*. Hann fjallaði um það hvernig starfsfólk í leikskóla getur stuðlað að hvetjandi námsumhverfi á leikskólalóð. Eftir hann var skipt upp í hóp og rætt um verklagsreglur Sólborgar.
- Fyrirlestur um innri samskipti frá Davíð Tómas Tómassyni. Fyrirlesturinn fjallaði um hvernig við tölum við sjálf okkur þegar að óvæntar og óvelkomnar aðstæður steðja að.
- Fyrirlestur um *Lubbi finnur málbein*. Eyrún Ísfold Gísladóttir talmeinafræðingur fræddi okkur um læsisrakkann. Niðurstöður hópsins voru að nýta sér efniviðinn, en erfitt yrði að aðlagga hann að íslenska táknmálinu.
- Fyrirlestur um lykilþætti við sköpun á sterkri liðsheild frá Lilju Gunnarsdóttur frá KVAN.
- Fyrirlestur um EKKO frá Vigdís Ásgeirsdóttur sálfræðings Lífs og Sálar. EKKO er skammstöfun fyrir Eineltis, kynferðis- og kynbundið ofbeldi. Stjórnendur Sólborgar vilja birgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann, því eitt eineltismál er einu of mikið.
- Fyrirlestur um *Framtíð Menntamála*. Jóel Sæmundsson leikari mætti á starfsmannafund 7. júní og fékk starfsmannahópinn til að hlæja að háðramatískum hlutum.



6.2 Skipulagsdagar

30. ágúst 2021: Eftir starfsmannafund með leikskólastjóra, þar sem rætt var um innritun og fækkun barna í Sólborg var kynntur nýr starfsmaður, Kennslustjóri íslenska táknmálsins, og út frá því rætt um tillögur stjórnenda um hvernig væri hægt að bæta táknmálsaðbúnað leikskólans. Rætt um fjölda stuðningstíma í Sólborg miðað við leikskóla í hverfinu og leikskóla í Reykjavík og annarra sérhæfðra leikskóla í Reykjavík. Í ljós kom að Sólborg sker sig úr vegna fjölda barna og fjölda stuðningstíma ár hvert. Sérhæfðir leikskólar þurfa að vera ákveðnir í því að passa sig á því hvaða börn eiga að koma í leikskólann og hversu lengi þeir eiga að vera í sérhæfða leikskólanum í staðinn fyrir að vera í sínum hverfisleikskóla. Að starfsmannafundinum loknum fengum við fyrirlestur frá Hörpu Kolbeinsdóttur um *leikinn á lóðinni*. Eftir hann var skipt upp í hópa og rætt um verklagsreglur Sólborgar. Deginum lauk á kynningu sérkennslustjóra á þeim börnum sem fá stuðning þetta skólaárið.

12. nóvember 2021: Eftir morgunmat og starfsmannafund starfandi leikskólastjóra, flutti Davíð Tómas fyrirlestur um samskipti og liðsheild. Að honum loknum var skipt í þrjá hópa og fór hver hópur fyrir sig í heimsókn í leikskóla. Einn hópur fór í Brekkuborg, annar í Fífuborg og þriðji í Sæborg. Ástæða heimsóknarinnar var að skoða leikskóla sem eru hannaðir eftir sömu grunnteikningu og húsnæði Sólborgar. Heimsóknirnar gengu vel og leiddu í ljós að aðbúnaður Sólborgar er talsvert betri en þessara. Birtist það í nýuppgerðu eldhúsi Sólborgar, betri hljóðvista á deild og snyrtilegri salur, þar sem búið að er að taka út hluti og dót sem valda sjónrænu áreiti. Eftir að heimsóknum lauk, var lagt af stað í haustferð á Laugarvatn, þar sem starfsmannahópurinn málaði bolla og borðaði góðan kvöldverð við rætur Heklu.

3. janúar 2022: Deildarstjórafundur í gegnum fjarfundarbúnað, þar sem rætt var um hvernig leikskólinn Sólborg ætlar að bregðast við nýjum takmörkunum vegna heimsfaraldurs Kórónu.

16. mars 2022: Eftir morgunverð, var starfsmannafundur með starfandi leikskólastjóra. Fyrir þann fund kynntu tveir einstaklingar frá SFS sig, annars vegar hverfastjóri Vesturborgarmiðstöðvarinnar og hins vegar handleiðari nýrra leikskólastjóra á erfiðum tímum. Að þessu loknu fór starfandi leikskólastjóri yfir það hvernig var staðið að ferlinu að fá úttekt sálfræðistofunnar Lífs og Sálár á innra starfsumhverfi Sólborgar. Eftir hádegisverð var farið í Bingó og voru vinningarnir ekki af verri endanum. Að lokum mætti Lilja Gunnarsdóttir frá KVAN og ræddi um lykilþætti við sköpun á sterkri liðsheild. Fyrirlestur var sæmilegur og ekki það sem starfsmannahópurinn þurfti en hann opnaði þó á umræður í lok dags sem voru hjartnæmar.

6. maí 2022: Allt starfsfólk fór með rútu eftir morgunverð í heimahúsi og var farið í Reykjadal í Hveragerði og gengið. Í fjallshlíðinni var farið í heitar laugar og síðan endað á kynningu á Ölverk í miðbæ Hveragerðis og snæddar pizzur. Yndislegur dagur sem þjappaði starfsmannahópnum vel saman.

6.3 Áætlun skipulagsdaga

Mánudaginn 22. ágúst 2022 – Sameiginlegur í hverfinu

Miðvikudaginn 14. september

Þriðjudaginn 25. október – *Vetrarleyfi grunnskóla*

Fimmtudaginn 23. febrúar – *Vetrarleyfi grunnskóla*

Miðvikudaginn 10. maí

Föstudaginn 9. júní



7 Foreldrasamvinna

Gott samstarf kennara og foreldra er lykilinn að góðu uppeldi og góðri leikskólamenntun barna. Við í Sólborg leggjum upp með uppbyggjandi foreldrasamvinnu. Liður í því eru foreldraviðtöl, sem eru haldin tvisvar á ári. Haustviðtalið var í október og var það haldið í gegnum rafrænan fjarfundabúnað. Seinna viðtalið er að vori, og þá eru veittar upplýsingar frá leikskólakennurum. Kynningafundir eru haldnir fyrir foreldra á haustin á hverri deild, með öllum foreldrum. Einstaklingsnámskrárvíðtöl vegna barna með sérþarfir eru haldin eftir þörfum en að meðaltali eru þau tvö á önn.

- **Tækifæri til umbóta:** Halda foreldrakynningar á öllum deildum fyrir foreldra, síðdegis. Hefur ekki verið hægt að halda í þrjú ár.

Foreldrafélag

Tilgangur félagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra leikskólabarna. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er dagskráin nokkuð hefðbundin og félagið styður við starf leikskólans. Jólaföndur var ekki haldið í desember eins og fyrirhugað var vegna nýrrar bylgju kórónu. Hins vegar var hægt að halda vorhátíð í Guðmundarlundi í byrjun maí. Hún var vel sótt af foreldrum.

Foreldrafélagið hélt aðalfund í leikskólanum haustið 2021 og var nógu góð mæting. Foreldrafélagið á hrós skilið fyrir að stuðla að góðum anda með því að hlúa að reglulegu félagslífi í leikskólanum.

- **Tækifæri til umbóta:** Stjórnendateymi og annað starfsfólk Sólborg ætti að ýta við foreldrum í að sinna störfum fyrir foreldrafélagið. Aðalfundur félagsins er kjörinn vettvangur fyrir foreldra til þess að styðja enn frekar við faglegt starf leikskólans.

Foreldraráð

Í foreldraráði Sólborgar eru þrír fulltrúar. Foreldraráðinu er ætlað að koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi leikskólastarfið til skólastjórnenda og veita umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð Sólborgar er samsett af foreldrum barna af þremur deildum af fimm og í ráðinu eru feður og mæður.

- **Styrkleikar:** Góður verkferill til staðar í Sólborg hvernig er staðið að skipan í foreldraráðið.



8 Fylgigögn

8.1 Umsögn foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Sólborg hefur yfirfarið innra mat stofa leikskólans og tekur undir markmið fyrir komandi starfsár sem og tillögur að umbótum. Foreldraráð leikskólans styður hugmyndir um aukna táknmálskennslu til handa nemendum sem og samvinnu við döff starfsfólk. Þá tekur foreldraráð Sólborgar sérstaklega undir markmið um að bæta félagsþroska og samskipti, mál- og hreyfiþroska nemenda og efla sjálfstæði þeirra.

Einnig hefur foreldraráð yfirfarið áætlun Sólborgar um skipulagsdaga og vetrarleyfi og gerir ekki athugasemdir við þá daga sem lagðir eru til.

Foreldraráð hlakkar til komandi starfsárs sem vonandi verður laust við allar takmarkanir. Þá er starfsfólki leikskólans þakkað fyrir gott starf við krefjandi aðstæður á umliðnum vetri og fyrir að hafa haldið uppi framúrskarandi starfi miðað við aðstæður.

Foreldraráð leikskólans (Skólaárið 2021-2022);

- Hildur Steinpórsdóttir, foreldri á Reyni- og Furustofu.
- Svanfríður Guðmundsdóttir, foreldri á Reyni- og Furustofu.
- Theodór Kjartansson, foreldri á Reynistofu.





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

